



Rannsóknastöðin Rif: auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2017

Rif auglýsir eftir umsóknum frá áhugasömum vísindamönnum og rannsakendum sem vilja nýta aðstöðu rannsóknastöðvarinnar til verkefna á sviði rannsókna og vöktunar.

Hvað er Rannsóknastöðin Rif?

- Stöðin er aðili að INTERACT, öflugu samstarfi rannsóknastöðva á norðurslóðum og hefur verið valin sem ein þriggja stöðva innan samstarfsins til að hefja innleiðingu CBMP vöktunaráætlunar CAFF (sjá caff.is/monitoring).
- Að stöðinni standa sex íslenskar rannsóknastofnanir auk sveitarfélagsins Norðurþings.

Markmið stöðvarinnar er að:

- Efla og auka náttúrurannsóknir og vöktun á Melrakkaslétu byggt á náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins
- Safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu
- Styðja nærsamfélagið, s.s. í gegnum fræðslu og stuðning við náttúrutengda ferðamennsku

Hvers vegna rannsóknastöð á Melrakkaslétu?

- Norðurhluti Melrakkaslétu er skilgreindur sem heimskautasvæði (Low Arctic) og hentar afar vel fyrir slíka starfsemi. Aðgengi að svæðinu er mjög gott.
- Loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins á norðurslóðum gera vöktun og rannsóknir sífellt mikilvægari
- Markmið og áherslur eiga mikla samleið með stefnu og skuldbindingum Íslands í norðurslóðamálum
- Ísland mun gegna forystu í Norðurskautsráðsinu (Arctic Council) 2019-2021



Rannsóknatækifæri

Rannsóknastöðin hefur til umráða sérstakt rannsóknasvæði, þ.e. jörðina Rif – nyrstu jörð á Íslandi. Náttúra svæðisins býður upp á óþrjótandi möguleika á vöktun og rannsóknum á sviði náttúruvísinda norður við heimskautsbaug, m.a. á:

- gróðri og fuglalífi
- lífi í vötnum frá hafi til heiða
- ströndinni með öllum sínum líffræðilega margbreytileika
- áhrifum hafs á landmótun

Melrakkasléttan og Raufarhöfn er einnig kjörinn vettvangur til rannsókna á samspili manns og náttúru auk byggðaþróunar almennt.

Aðstaðan

- Gisti- og eldhúsaðstaða, einfalt vinnurými til grunnvinnslu á sýnum og skrifstofuaðstaða með góðu netsambandi. Aðstaðan er staðsett á Raufarhöfn, um 15 km frá rannsóknasvæðinu.
- Alla nauðsynlega þjónustu, s.s. banka- og pósthjónustu, heilsugæslu og matvöruverslun, má finna á staðnum.

Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið rif@nna.is.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vefsíðu Rifs: rifresearch.wordpress.com/eydublod/

Nánari upplýsingar: Jónína Sigríður Þorlákssdóttir framkvæmdastjóri (s: 856 9500, netfang: rif@nna.is).
Vefsíða Rifs, rifresearch.is **og facebook síða Rifs:** facebook.com/rifresearch.